

Nettímarit

Troðningur

15 tbl 2010

Útgefandi: Guðmundur R Lúðvíksson, myndlistamaður

Meðal efnis:

Performance art, Listamannalun eða ölmusa, Hermann Nitsch's, Ýsan, Sagan af Símoni ofl.

Menning & List




ICELANDIC
ART MAGAZINE

Performance



Einn alþekktasti performance listamaður allra tíma er án efa Joseph Beuys (borið fram “boyce”) F. 12 maí , 1921 D. 23 janúar, 1986). Joseph var Þýskur listamaður sem fékkst við margskonar list, innsetningar, skúlptúra, vídeó, og eins og áður segir performance.

Hann fæddist í borginni Krefeld en ólst að mestu upp í bænum Kleve. 1937 gekk hann í ungliða hreifingu nasista eins og flestir unglingar gerðu á þeim tíma. Joseph stundaði listnám við akademíuna í Dusseldorf 1946 til 1951. Fita varð hans mesta uppgötvun að hans eigin sögn, enda notaði hann hana í mörgum verkum sínum. Beuys trúði því að listamenn gegndu göfugu hlutverki í samfélögum. Hans fyrstu verulegu vandræði komu þó þegar hann var rekinn úr stöðu prófessors. En þá var hann félagi í samtökum sem kölluðu sig Peace Movement og gáfu sig út fyrir að vera á móti kjarnorku áformum Þjóðverja. Hann var einn af fyrstu félögum í samtökunum Green Party um 1980. Þekktustu verk Beuys eru án efa: Felt Suit (1970), “I Like America and America Likes Me” (1974), skúlptúrin Fat Corner, og How To Explain Pictures to a Dead Hare (1965). Áhrif hans innan listarinnar er nánast óendanleg og enn þann dag í dag eru verk hans innblástur margra listamanna. Magnaðir, og hnitmiðaðir performanc-ar hans verða ódauðlegir innan listarinnar í allri framtíð. Orðið performance hefur verið snúið upp á Íslensku og nefnt “gjörningur“. Allmargir Íslenskir listamenn hafa og eru enn að fást við gjörninga. Svo merkilegt sem það nú er, finnast Íslendingum gjörningar vera nokkuð furðulegt listform og setja það oft í samhengi við að vera “skritinn“? En þetta listform er oft bæði ákafleg fallett og eða hefur vissan ljótleika, en um leið beitt form sem mikill vandi er að fara með. Segja má að leiklistin og gjörningar, mætist á einhverju svæði án landamæra. Munurinn á þessum formum er þó aðeins sá að gjörningur stendur oftast mjög stutt yfir og er stundum partur af öðru meiru. Gjörningar eru sjaldnast sí endurteknir eins og gerist í leikhúsum. Troðningur lætur hér nokkrar myndir af gjörningum tala sitt tungumál til lesenda.








Performance eða gjörningar geta farið fram hvar sem er. Undir beru lofti, á veitingahúsum, heimahúsum, úti á götu eða í og á sýningum í söfnum og galleríum. Oft þurfa áhorfendur að setja sig inn í hugsun gjörningsins til þess að skilja hann. Myndir einar sér eins og birtast hér í Troðningi eru ekki nóg. Það er því í sjálfu sér andstætt hugmyndinni um gjörning að ljósmynda hann og sýna hann þannig sem ljósmynd.





“ The last female supper “ Performance / Rotterdam / GRL



AUGLÝSING

Tónleikar Ég og Pakkið

17. mars verð ég ásamt hluta af Pakkinu
með tónleika á

Kaffi Rósenberg í Reykjavík
frá kl. 21.00 - 23.00

Með mér verða:

Páll E Pálsson, bassaleikari,
Ágúst Ingvarsson, slagverksleikari,
Hlöðver S Guðnason, Gítar og mandólinleikari,
Marinó Már Magnússon, trommuleikari
og Sigurður Jónsson, harmónikkuleikari.

Flutt verður eingöngu frumsamið efni.

Húsið opnar kl. 20.00 fyrir gesti.

Aðgangur 1.000.- kr

Boðsmiðar eru á Facebook.

Listamannalaun eða ölmusa !



Þá hefur stjórn listamannalauna enn eitt sinn kveði upp sinn dóm - og allt orðið vitlaust ! Undirritaður hefur margoft bent á hversu spillt þetta úthlutunar kerfi sé, án árangurs. Það sem meira er að það hef ég gert með haldbærum rökum,

þar sem ég hef kortlagt úthlutanir síðustu 12 ára.

Ástæðan fyrir því að ég hef ákveðið að skrifa um þetta hér, og til að fyrirbyggja allan misskilning, þá hef ég sjálfur sótt 18 sinnum um og hef fengið 18 sinnum hafnanir, ekki einu sinni fengið úthlutun í 3 mánuði. Þeir sem það vilja geta síðan skoðað starfsferil minn, nám og annað listrænt sem mig varðar og borið það saman við marga aðra sem hlotið hafa úthlutun.

http://www.log8.com/cv/ferilskra_art_CV.pdf

Það magnaða er að í öll þessi skipti hefur stjórn listamannalauna hundsáð það að færa rök fyrir veitingum og höfnunum, þótt þeim beri að gera það samkvæmt lögum frá alþingi / stjórnvöldum.

Það sem vekur mesta athygli þegar úthlutanir eru skoðaðar er að þeir sem koma við sögu / kennslu hjá Listaháskóla Íslands fá nánast allir úthlutun reglulega í mislangan tíma. Sumir þeirra eru meir að segja í úthlutunarnefndum og þiggja svo síðar eða fyrr úthlutanir. Það verður einnig athygli hversu fáir fyrir utan stór Reykjavíkursvæðið fá úthlutun. Landsbyggðar listamenn eru nánast ekki með. Konur eru í miklum meirihluta í úthlutunum.

Í reglum um úthlutanir segir m.a að úthlutað skuli til starfandi listamanna og að fagleg mat skuli leggja til grundvallar, á verkefnum sem framundan séu og starferil ásamt námi.


Ástæða m.a fyrir atgangi mínum fyrir því að fá rökstudda synjun er sú að ef 8 ára nám í myndlist, sýningar m.a í Listasafni Íslands, Nýlistasafninu, Hafnarborg Hafnarfirði, O.K Center for Contemporary Art Museum (sem er með stærri nútíma listasöfnum í Evrópu), Novosibirsk Art Museum í Rússlandi (sem er 4sinnum stærra listasafn en Listasafn Reykjavíkur) ásamt fjöldann allan að sýningum í galleium hér heima og erlendis, ásamt verðlaunum og viðurkenningum og þá ég tala nú ekki um að vera í nærri tveggja ára vinnu og undirbúningi að einkasýningu í einu af fjórum listasöfnum á Íslandi - ef þetta er ekki nóg til að ná eyrum úthlutunarnefndar, hvern fjandann annað þarf þá til ? Er það eina sem vantar uppá

er að vera tengdur kennurum Listaháskóla Íslands ? Við þessum spurningum vil ég fá svör og tel mig eiga fullkomin rétt á því eftir 20 ára í myndlist.

Á síðasta ári var m.a úthlutað starfslaunum til einstaklings sem hvorki hefur ríkisborgararétt á Íslandi eða búsetu á landinu ? Hvað hafa listamenn um það að segja ? Og hvað segir þjóðin um það ? Á hvaða forsendum var sú úthlutun veitt ?

Hér fyrir neðan er listi yfir fjölda skipta sem sömu aðilarnir fá ár eftir ár. Hægt er að "gúgla" þessi nöfn. Rauð nöfn = kennsla við LHÍ

Nafn:	Ár	Fj. úthlutunar
Hekla Dögg Jónsdóttir	2003	6
Hekla Dögg Jónsdóttir	2004	6
Hekla Dögg Jónsdóttir	2005	6
Hekla Dögg Jónsdóttir	2006	6
Hekla Dögg Jónsdóttir	2007	6
Hekla Dögg Jónsdóttir	2009	6
Egill Sæbjörnsson	2000	5
Egill Sæbjörnsson	2003	5
Egill Sæbjörnsson	2004	5
Egill Sæbjörnsson	2006	5
Egill Sæbjörnsson	2007	5
Hildur Bjarnadóttir	1998	5
Hildur Bjarnadóttir	2000	5
Hildur Bjarnadóttir	2002	5
Hildur Bjarnadóttir	2004	5
Hildur Bjarnadóttir	2007	5
Hlynur Hallsson	1998	5
Hlynur Hallsson	2002	5
Hlynur Hallsson	2003	5
Hlynur Hallsson	2004	5
Hlynur Hallsson	2006	5
Jóní Jónsdóttir	2003	5
Jóní Jónsdóttir	2004	5
Jóní Jónsdóttir	2005	5
Jóní Jónsdóttir	2007	5
Jóní Jónsdóttir x3	2000	5
Katrín Sigurðardóttir	1997	5
Katrín Sigurðardóttir	2000	5
Katrín Sigurðardóttir	2002	5
Katrín Sigurðardóttir	2005	5
Katrín Sigurðardóttir	2007	5
Ólöf Nordal	1998	5
Ólöf Nordal	2000	5
Ólöf Nordal	2001	5
Ólöf Nordal	2006	5
Ólöf Nordal	2007	5
Ósk Vilhjálmsdóttir	1997	5
Ósk Vilhjálmsdóttir	2000	5
Ósk Vilhjálmsdóttir	2004	5
Ósk Vilhjálmsdóttir	2005	5
Ósk Vilhjálmsdóttir	2008	5
Sigrún Hrólfsdóttir x3	2000	5
Sigrún Inga Hrólfsdóttir	2003	5
Sigrún Inga Hrólfsdóttir	2004	5
Sigrún Inga Hrólfsdóttir	2005	5



Einn aðal kennarinn / prófessorinn minn var Hermann Nitsch's, þegar ég stundaði nám við listaakademíuna í Frankfurt Þýskalandi. Nánast allt sem þessi magnaði "gaur" gerði voru gjörningar. Hvernig hann kom akandi á milljóna Benzinum, uppdrílaður í glasandi skóm á vinnustofurnar þar sem við vorum í útjaðri Frankfurt, og hvernig hann vildi að nemendur sínir kæmu saman til sameiginlegs hádegisverðar á vinnustofu einhvers nemendans. Hvernig hann talaði og tjáði skoðanir sínar, og þær voru eitthvað sem Íslenskir myndlistarmenn eru ekki vanir að heyra, var mögnuð upplifun. Ósjaldan endaði dagur með Hermann í algjörrri upplausn og hávaða rifrildri, þar sem allir voru farnir að öskra upp í hvorn annan - útaf nánast engu nema því sem hann sagði - og meinti örugglega ekki ! Og þá lét hann sig hverfa, á glansandi, hvíta leðurklædda Benzinum.

Sigrún Inga Hrólfsdóttir	2007	5
Ásmundur Ásmundsson	2000	4
Ásmundur Ásmundsson	2003	4
Ásmundur Ásmundsson	2004	4
Ásmundur Ásmundsson	2006	4
Birgir Snæbjörn Birgisson	1999	4
Birgir Snæbjörn Birgisson	2002	4
Birgir Snæbjörn Birgisson	2003	4
Birgir Snæbjörn Birgisson	2006	4
Erling T. V. Klingenberg	2003	4
Erling T. V. Klingenberg	2004	4
Erling T. V. Klingenberg	2006	4
Erling T. V. Klingenberg	2007	4
Finna B. Steinsson	1999	4
Finna B. Steinsson	2000	4
Finna B. Steinsson	2001	4
Finna B. Steinsson	2002	4
Finnur Arnar Arnarsson	1998	4
Finnur Arnar Arnarsson	2003	4
Finnur Arnar Arnarsson	2005	4
Finnur Arnar Arnarsson	2006	4
Hannes Lárusson	1999	4
Hannes Lárusson	2002	4
Hannes Lárusson	2006	4
Hannes Lárusson	2009	4
Inga Svala Þórsdóttir	1997	4
Inga Svala Þórsdóttir	2002	4
Inga Svala Þórsdóttir	2005	4
Inga Svala Þórsdóttir	2008	4
Jón Bergmann Kjartansson.	2006	4
Jón Bergmann Kjartansson.	2007	4
Jón Bergmann Kjartansson	2005	4
Jón Bergmann Kjartansson	2006	4
Margrét H. Blöndal	2000	4
Margrét H. Blöndal	2003	4
Margrét H. Blöndal	2005	4
Margrét H. Blöndal	2006	4
Margrét Jónsdóttir (listmálari)	2000	4
Margrét Jónsdóttir (listmálari)	2002	4
Margrét Jónsdóttir (listmálari)	1998	4
Margrét Jónsdóttir (listmálari)	2008	4
Ólöf Ragnheiður Björnsdóttir	2000	4
Ólöf Ragnheiður Björnsdóttir	2004	4

Ólöf Ragnheiður Björnsdóttir	2005	4
Ólöf Ragnheiður Björnsdóttir	2006	4
Sigurþór Hallbjörnsson	1997	4
Sigurþór Hallbjörnsson	2000	4
Sigurþór Hallbjörnsson	2004	4
Sigurþór Hallbjörnsson	2008	4
Steingrímur Eyfjörð Kristmundsson	1997	4
Steingrímur Eyfjörð Kristmundsson	2004	4
Steingrímur Eyfjörð Kristmundsson	2006	4
Steingrímur Eyfjörð Kristmundsson	2007	4
Unnar Örn Jónasson Auðarson	2004	4
Unnar Örn Jónasson Auðarson	2005	4
Unnar Örn Jónasson Auðarson	2006	4
Unnar Örn Jónasson Auðarson	2008	4

Annara kennara við LHÍ er rétt að geta hér:

Anna Hallin	4
Bjargey Ólafsdóttir	3
Eygló Harðardóttir	3
Finnbogi Pétursson	3
Gabríela Friðriksdóttir	3
Guðný Rósa Ingimarsdóttir	3
Guðrún Einarsdóttir	3
Guðrún Gunnarsdóttir	3
Haraldur Jónsson	3
Helgi Þorgils Friðjónsson	3
Hrafkell Sigurðsson	3
Ólafur Sveinn Gíslason	3

Halda menn virkilega að þetta sé eðlilegt ? Er það virkilega eðlilegt að stjórn launasjóðsins fái að komast upp með það ár eftir ár að þurfa ekki að skýra eða rökstyðja úthlutanir ? Ríkið leggur 500.000.000.- Fimm hundruð milljónir í starfslaunasjóð.

Á sama tíma er ekki hægt að reka skurðstofu á sjúkrahúsi sem þjónar 15.000 manns og kostar 40.000.000.- í rekstrarkostnað ?

Það verður að segja það eins og það er ! Það er mikill sóðaskapur í kringum þennan sjóð og úthlutanir hans. Guðmundur R Lúðvíksson, myndlistamaður



Ýsa - Íslenskur soðningur (fræðiheiti: *Melanogrammus aeglefinus*) er fiskur sem er algengur á grunnsævi á norðurhveli jarðar. Hún lifir á 10-200 metra dýpi og er útbreidd í Norður-Atlantshafi. Hún er náskyld þorski og verður allt að metri að lengd og 20 kíló að þyngd. Hún er blágrá að lit, með svarta rönd eftir síðunni og skeggþráð á neðri góm. Fæða ýsu er fjölbreytileg, hún étur ýmis botndýr s.s. skelja, snigla og marflær og smáfiska eins og sandsíli, loðnu og spærling.

Ýsan er eftirsóttur matfiskur.

Heimkynni:

Ýsa er í Norður-Atlantshafi. Í Norðaustur-Atlantshafi er hún í Norður-Íshafi og Barentshafi og allt suður í Biskajaflóa. Við Grænland er hún sjaldséð en í Norðvestur-Atlantshafi er hún frá Nýfundnalandi til Hatterashöfða í Bandaríkjunum.

Ýsan finnst allt í kringum Ísland. Hún er mun algengari við sunnan- og vestanvert landið en í kalda sjónum norðanlands og austan. Oft er mikið um ýsu við Ingólfshöfða, Dyrhólaey og Vestmannaeyjar auk Faxaflóa, í Breiðafirði og við Ísafjardardjúp. Ýsan er grunnsævis- og botnfiskur sem lifir á 10-200 metra dýpi og stundum dýpra á leir- og sandbotni.

Fæða

Ýsuseiðin éta einkum ýmis smákrabbadýr eins og ljósátu, rauðátu. Fullorðin ýsa étur frekar ýmis konar fiskmeti, mest loðnu, en fæða hennar er mjög margvísleg. Hún étur botndýr eins og krabba og lindýr, einnig smáfiska eins og sandsíli, smásíld og spærling étur, sem og rækju, fiskseiði, síldarhrogn og fleira. Mörg rándýr leggjast á ýsuna. Þar má nefna háf, þorsk, löngu, lúðu og fleiri stóra fiska. Selir og smáhveli láta hana ekki heldur í friði.



Vöxtur og lífssaga

Hrygningin stendur yfir í rúma tvo mánuði eða frá apríl til maíloka. Fjöldi eggja er frá þúsund og upp í milljón, fer allt eftir stærð hrygnunnar. Eggjin eru sviðlög, vatnstær og um 1,5 mm í þvermál. Klak tekur um 12-14 daga og er lirlan um 4,5 mm við klakið. Ýsuseiðin leita til botns 2-3 mánaða gömul og eru þau þá 4-5 cm löng. Bæði eggjin og lirlurnar berast með straumum vestur og norður með landinu, og jafnvel stundum austurfyrir.

Vöxtur og lífssaga

Fyrstu æviár sín vex ýsan tiltölulega hratt. Hún getur verið orðin um 20 cm þegar hún er eins árs og á öðru aldursári rúmlega 30 cm. Yfirleitt er hún veidd á milli 50-65 cm löng, en stærsta ýsan sem hefur verið veidd við Ísland reyndist 112 cm. Lengd ýsu eftir aldri er nokkuð mismunandi eftir því hvort hún elur aldur sinn í hlýja sjónum sunnanlands eða þeim kalda norðanlands. Einnig verða ýsur í hlýja sjónum fyrir kynþroska en þær í kalda sjónum. Yfirleitt verður hún kynþroska 3-4 ára gömul. Ýsan getur orðið a.m.k. 15 ára gömul, og er hámarksþyngd hennar talin vera um 14 kg. Ýsan er flokkuð eftir stærð og kölluð eftir því, smáýsa kallast sú ýsa sem er á bilinu 25-45 cm, miðlungs – eða kurlýsa er 45-60 cm stór og stórýsa er stærri en 60 cm. Ýsur lengri en 80 cm eru samt sem áður sjaldséðar.

Ljósmyndin.

Gömul bryggja í Keflavík.



Sagnir um Símon Sigurðsson

Símon þessi var ættaður úr Landeyjum. Kona hans hét Þórdís Ólafsdóttir. Þau Símon og Þórdís fluttust suður í Garð eða Keflavík.

Símon var lágur maður vexti, en þrekinn með fremur smá augu, eldsnör, stutt nef og fremur fríður. Hreyfingar hans allar voru liprar og léttar, og svo var lundin einnig, enda hafði hann ávallt spaug og glettur á takteinum og var eldsnar til andsvara, ekki síst, ef á hann var leitað.

Símon kom fótgangandi utan úr Grindavík og náttaði sig í Þorlákshöfn hjá Jóni og konu hans Jórunni. Stóð þá svo á að þar var einnig staddur Sigurður, faðir Jórunnar og hafði hann dvalið þar í nokkrar nætur áður, en ætlaði nú að leggja af stað heimleiðis og hafði 3 eða 4 gæðinga til reiðar. Þegar Sigurður var ferðbúinn og ætlaði að fara að stíga á bak, sér hann Símon og að hann muni einnig vera að leggja af stað fótgangandi og segir því við han:

“Viltu ekki að eg kippi þér herna upp á einhvern klárinn, Símon minn, alténd austur að ánni?”

Símon á boðið og sté á bak, hagræðir sér í hnakknum og segir, svo allir viðstaddir máttu heyrna:

“Hérna sjáið þið nú ríða úr hlaði Landeyjahöfðingjana tvo: Sigurð Magnússon dannebrogsmann á Skúmstöðum og Símon Sigurðsson stórbóna frá Yztakoti.”

Símon var á ferð úr Grindavík inn í Garð eða Leiru, og mætti manni, sem var á gagnstæðri leið. Þeir töluðu saman nokkra stund o.m.a. spyr Símon manninn, í hvaða erindum hann sé til Grindavíkur.

Maðurinn segir: “Eg ætla að finna hann Jón minn í K ..., eða ætli hann sé ekki heima núna?”

“Jú,” segir Símon, “en ef þú ætlar að hitta hann heima, þá er ekki seinna vænna, því það á að jarða hann í dag!”

Símon kom á bæ einn í Höfnum og var hann þá með tvær hryssur, horaðar mjög. Hann hitti húsfreyjuna, aldraða konu, bogna mjög í herðum, eða jafnvel með herðakistil. Konan segir: “Hvaða ósköp er að sjá drógarnar þínar, maður, þær eru grindhóraðar!”

“Og læt eg það nú vera, hvað horaðar þær eru,” - segir Símon, “ekki eru þær farnar að setja upp kryppuna enn.”

Símon mætti manni á förnum vegi og gaf honum að súpa á brennivínspottunnu sem hann var með. Símoni þótti maðurinn súpa helsti mikið á, og segir:

“Þú gerir svo vel að skyrpa út úr þér gjörðunum, því ekki rennir þú þeim þó niður, þó þér þyki það gott, sem á kútnum er.”

Símon og Þórdís kona hans urðu einhverju sinni saupsátt og lét hún dæluna ganga, svo að Símon kom engu orði fyrir sig. Loks, er kerlingin var orðin sem æfust, en varð að taka sér hvíld, til að draga andann, sá Símon sér færi á að leggja orð í belg og sagði:

“Þú lætur mig vita, Þórdís mín, þegar þú heldur að þér ætli að fara að þykja.”

BLANDA IV 273



Vissir þú að ?

* ... á Flankastöðum voru fyrr á tímum haldnir vikivakar og jólagleði. Ýmsir kirkjunnar þjónar höfðu horn í síðu þessara dans- og gleðisamkoma sem þeir töldu ýta undir drykkjuskap og lauslæti. Voru þessar samkomur því bannaðar um 1745. Var því spáð að prestinum Árna Hallvarðssyni ætti eftir að hefnast fyrir tiltækið og gekk það eftir þegar hann drukknaði á voveiflegan hátt.

* ... í Fuglavík var fyrr á tímum stórt útgerðarhverfi og voru þar einkum vermenn frá öðrum landshornum.

* ...Keilisnes er syðsti hluti Faxaflóans.

*... Að sagan segir að þegar Tyrkir réðust á land á Krísvíkurbergi hafi þeir komið upp Ræningjastíg. Hittu fyrir seljastúlkur í Krísvíkurseli en eltu smalann til bæjar og voru drepnir á Ræningjahól sunnann við Krísvíkirkirkju.

*Fróðleikur fengin af vef leiðsögumanna á Suðurnesjum.
<http://www.reykjaneguide.is>*



Performance / gjörningur í London á vegum Íslenska ríkisins vegna 50 ára lýðveldisafmælis. Hér er bresk kona að klippa fötin utan af gerandanum. Ekki vitum við hvort þetta var fyrirboði um Icsave ruglið og bullið sem nú stendur sem hæst ?

www.1og8.com

Spældir Hollendingar !



Troðningur velti því fyrir sér þegar hann sá þetta verk í Hollandi, hvort Hollendingar væru svona spældir út í Íslendinga og létu það í ljós svona ?

Þetta verk er eftir Henk Hofstra og var sett upp í bænum Leeuwarden, í Hollandi. Verkið er sett undir skilgreininguna “ food art”.

Hollendingar eru einstaklega duglegir og hugmyndaríkir þegar kemur að því að skapa skemmtilega stemmingu í umhverfinu. Þeir eru líka manna duglegastir að notfæra sér hugmyndaauðgi listarinnar og skapa listamönnum það starfsumhverfi sem þeir þurfa. Almennigur kann vel að meta svona framlög til samfélagsins, enda ekkert annað en skemmtileg tilbreytni við hversdagsleikann. Íslendingar eru ekki vanir svona uppákomum enda hefur svona list ekki sést á Íslandi, enn.

15. tbl Troðningur

Útgefandi: Guðmundur R Lúðvíksson, myndlistamaður



Ágætu lesendur. Þar sem útgefandi er að flytja til Noregs, verður gert hlé á útgáfu blaðsins.

15 blöð hafa komið út frá því í desember 2009.

Ég þakka öllum þeim fjölmörgu sem sendu mér jákvæðar línur og þakkir fyrir blaðið, hinir örfáu sem það ekki gerðu geta velt sér áfram upp úr Icsave.

Njótið sumarsins og haldið áfram að berja potta og pönnur - það hlítur á endanum að skila einhverju !